

Nesbúegg ehf.
Vatnleysuströnd
190 Vogar

Reykjavík, 4.12.2024
UST202401-270/F.T.
08.12.02

Efni: Málslok eftirfylgnimála

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 22.8.2024, þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 26. 7. 2024.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 38. lið b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 24 í framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fánlega tækni er að vakta heildarmagn köfnunarefnis og fosfórs, sem er losað sem úrgangsefni í húsdýraáburði með a) útreikningi með því að nota massajöfnuð, eða b) mat með því að nota greiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs í húsdýraáburði. Tíðni a) eða b) er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra.
2. Gr. 38. liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 25 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fánlega tækni er að vakta losun ammóníaks með því að nota: a) mat með því að nota massajöfnuð eða b) útreikningur með því að mæla ammoníakstyrkinn og hraða loftræstingarinnar eða c) mat með því að nota losunarstuðla. Tíðni er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra fyrir a) og c) en í hvert sinn sem umtalsverðar breytingar verða fyrir b)

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi gögn og telst frávikunum lokið. Farið verður yfir úrbætur og aðstæður skoðaðar í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur